

# VINNSLUSAMNINGUR vegna samningssamband á milli Abler ehf. og ábyrgðaraðila í tengslum við samningssamband þeirra.

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_, í þessum samningi nefndur „ábyrgðaraðili“ og Abler ehf, kt.660117-0670 að Borgartúni 27, 105 Reykjavík, í þessum samningi nefnt „vinnsluaðili“, gera með sér svofelldan vinnslusamning sbr. ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu

## 1. Tilgangur samnings

1.1. Tilgangur þessa vinnslusamnings er að lýsa skyldum samningaðila er kemur að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við samningssamband þeirra.

1.2. Samningaáðilar skulu framfylgja skyldum sínum á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## 2. Lýsing á vinnslustarfsemi

2.1. Vinnsluaðili mun vinna fyrir hönd ábyrgðaraðila þær persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að vinna það verk sem kveðið er á um í þjónustusamningi milli aðila um afnotarétt af tölvukerfinu Nóra/Hvata/Sportablar. Þar á meðal eru varðveisla gagna sem eru skráð í kerfið, rekstur greiðslugáttar og skyld verk og notendaþjónusta.

2.2. Vinnslan nær til allra þeirra upplýsinga sem ábyrgðaraðili eða einhver á hans vegum skráir í tölvukerfið. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að notkun sín á kerfinu sé í samræmi við gildandi lög. Upplýsingarnar sem um ræðir eru m.a. fjárhags-, lýðfræðilegar og samskiptaupplýsingar um viðskiptavinum ábyrgðaraðila.

2.3. Vinnslan er framkvæmd í þeim tilgangi einum að uppfylla gagnkvæmar skyldur aðila, eins og þeim er nánar lýst í grein 2.1 og öðrum samningum þeirra á milli.

## 3. Skyldur samningaðila

3.1. Vinnsluaðili skal einungis vinna persónuupplýsingar samkvæmt skjalfestum fyrirmælum ábyrgðaraðila, eins og þau eru sett fram í samningi þessum eða öðrum samningum milli aðila, nema vinnsluaðila sé annað skylt samkvæmt lögum. Í slíkum tilfellum mun vinnsluaðili upplýsa ábyrgðaraðila um það lagaskilyrði áður en vinnslan hefst nema löginn banni slíka upplýsingagjöf vegna mikilvægra almannahagsmuna.

3.2. Vinnsluaðili skal tryggja trúnað um þá vinnslu persónuupplýsinga sem þessi samningur tekur til og að þeir starfsmenn sem hafa aðgang að persónuupplýsingum í tengslum við framkvæmd samningsins fylgi lögum og reglum sem gilda um meðferð persónuupplýsinga.

3.3. Vinnsluaðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi öryggi persónuupplýsinga miðað við áhættuna sem fólgin er í vinnslunni.

3.4. Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila eftir því sem við á og að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar að uppfylla þá skyldu sína að svara og verða við beiðnum frá skráðum einstaklingum svo þeir fái neytt réttar síns, svo sem aðgangsréttar, réttar til leiðréttingar og eyðingar, réttar til andmæla eða takmörkunar á vinnslu og flutningsréttar sem mælt er fyrir um í gildandi lögum um persónuvernd.

3.5. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að veita skráðum einstaklingum upplýsingar um vinnslustarfsemina þegar persónuupplýsingunum er safnað í samræmi við ákvæði gildandi laga um persónuvernd.

3.6. Verði öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga við vinnslu skv. samningnum skal vinnsluaðili gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Vinnsluaðili skal tilkynna til ábyrgðaraðila öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga (þ.e. brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögumætrar eyðingar persónuupplýsinga, sem eru sendar, varðveittar eða unnar á annan hátt, eða að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi). Slík tilkynning skal send án ótilhlýðilegrar tafar eftir að vinnsluaðili verður

brots var til að ábyrgðaraðili geti tilkynnt öryggisbrotið til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds innan þess tímafrests sem settur er í gildandi lögum um persónuvernd. Vinnsluaðili skal veita ábyrgðaraðila allar nauðsynlegar upplýsingar og skjöl eða gögn um öryggisbrotið um leið og kostur er. Sé það nauðsynlegt er vinnsluaðila heimilt að koma slíkum upplýsingum, skjölum eða gögnum til ábyrgðaraðila í áföngum.

3.7. Vinnsluaðili skal eftir því sem kostur er aðstoða ábyrgðaraðila við að framkvæma mat á áhrifum vinnslu á persónuvernd og eftir atvikum hafa fyrirframsamráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvald í samræmi við gildandi lög um persónuvernd, að teknu tilliti til eðlis vinnslunnar og upplýsinga sem vinnsluaðili hefur aðgang að.

3.8. Þegar veitingu þjónustunnar samkvæmt samningi þessum lýkur skal vinnsluaðili eyða eða skila öllum persónuupplýsingum sem tengjast vinnslunni og eyða öllum afritum þeirra sem finna má í kerfum vinnsluaðila, í samræmi við ákvæði laga. Þegar upplýsingunum hefur verið eytt skal vinnsluaðili geta sýnt fram á það skriflega.

3.9. Vinnsluaðili mun eftir því sem kostur er veita ábyrgðaraðila aðgang að þeim upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til að sýna fram á að skuldbindingar hans sem tengjast greinum 3.2. – 3.9. samnings þessa séu uppfylltar óski hann eftir því. Hafi ábyrgðaraðili eða annar aðili með höndum úttekt á vinnslu gagna hjá vinnsluaðila mun vinnsluaðili veita ábyrgðaraðila aðstoð og þjónustu er hann kann að óska eftir í þessu sambandi.

3.10. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili bera ábyrgð á að skyldum þeirra samkvæmt ákvæðum gildandi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna settum samkvæmt þeim sé framfylgt. Meðal annars skulu samningaáðilar fylgja meginreglum um vinnslu persónuupplýsinga, s.s. um lágmarkun gagna og ganga úr skugga um að vinnsla persónuupplýsinga sé lögumæt hverju sinni, og gæta þess að sérhver miðlun á persónuupplýsingum út fyrir EES-svæðið sé í samræmi við reglur gildandi laga um persónuvernd þar að lútdandi.

## 4. Undirvinnsluaðilar

4.1. Vinnsluaðila er heimilt að semja við annan aðila um að framkvæma vinnsluaðgerðir sem eru nauðsynlegar og í samræmi við vinnslusamning þennan eða aðra samninga milli aðila.

4.2. Ráði vinnsluaðili undirvinnsluaðila í samræmi við ákvæði greinar 4.1. skulu með samningi leggjast á undirvinnsluaðila sömu skyldur varðandi persónuvernd og settar eru fram í samningi þessum. Einkum skulu í slíkum samningi veittar nægar tryggingar fyrir því að gerðar séu viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir þannig að vinnslan uppfylli kröfur gildandi laga um persónuvernd. Uppfylli undirvinnsluaðili ekki persónuverndarskyldur sínar skal vinnsluaðili áfram bera fulla ábyrgð gagnvart ábyrgðaraðila á því að undirvinnsluaðilinn efni skuldbindingar sínar.

## 5. Undirritun og gildistími

5.1. Vinnslusamningur þessi er undirritaður í tvíriti þar sem hvor aðili heldur eftir eintaki fyrir sig. Vinnslusamningurinn gildir frá og með undirritun og á meðan á samningssambandi milli aðila stendur.

## 6. Ýmis ákvæði

6.1. Um sakarskiptingu, gildandi lög og úrlausn ágreiningsmála fer samkvæmt ákvæðum gildandi samnings aðila.

Staður/Dagsetning \_\_\_\_\_

f.h. ábyrgðaraðila

f.h. vinnsluaðila